

**Tilmæli 18/2016**

Fyrri númer:
A 1676/holdbart

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærninefndin

Fylgiskjal:
Nefndarálit um
þingmannatillögu um
skynsamlega nýtingu
matarúrgangs og baráttu
gegn matarsóun

Málsnúmer: 16-00096-16

Nýting matarúrgangs og barátta gegn matarsóun

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þróa tillögu að leiðbeiningum um matvælaöryggi við dreifingu á mat sem smásöluverslanir og veitingastaðir gefa til góðgerðarmála;

að hrinda af stað nýjum verkefnum í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum til að draga úr matarsóun á öllum stigum, og að hlutaðeigandi fagsvið í Ráðherranefndinni taki þátt í tilteknum verkefnum;

að fela Norrænum orkurannsóknum (NEF) það verkefni, hugsanlega í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, að hrinda af stað verkefnum, sem styðja við þróun þar sem lífrænum úrgangi og rekstrarúrgangi er í auknum mæli breytt í orku, og varpa ljósi á efnahagslega og umhverfislega kosti og galla við aðrar lausnir.

Kaupmannahöfn, 11. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs